

Kópavogi, 19. mars 2026

Ályktun aðalfundar Starfsmannafélags Kópavogs (SfK) vegna áforms um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Aðalfundur SfK leggst alfarið gegn áformum um afnám áminningarskyldu ríkisstarfsmanna og telur þau bæði óvönduð, illa rökstudd og ómálefnaleg. Reglurnar sem fyrir eru tryggja faglega málsmeðferð, réttláta stjórnsýslu og sanngjarna meðferð starfsmanna. Engin rök hafa komið fram sem sýna að afnám þeirra leiði til betri stjórnsýslu eða skilvirkni – þvert á móti fela þau í sér óásættanlegt skref í átt að skerðingu réttinda starfsfólks í opinberri þjónustu.

Aðalfundur SfK hvetur stjórnvöld eindregið til að falla frá framlagningu frumvarpsins eða endurskoða það í grundvallaratriðum í nánu og raunverulegu samráði við stéttarfélög og heildarsamtök launafólks sem lög og venja kveða á um.

Áminningarskyldan er ekki íþyngjandi regla heldur grundvallaröryggisventill, bæði fyrir starfsfólk og stjórnendur. Reglan tryggir að starfsfólk fái tækifæri til úrbóta, að málsmeðferð sé gagnsæ og málefnaleg, að ómálefnalegar uppsagnir séu ekki framkvæmdar og að fagmennska og trúnaður í stjórnsýslu sé virtur.

Nýleg dómaframkvæmd sýnir glöggð að stjórnendur hafa fullt svigrúm til að áminna og segja upp starfsmönnum þegar rétt er að því staðið. Því stenst ekki sú fullyrðing að núgildandi rammi hamli stjórnendum.

Af reynslu SfK og annarra stéttarféлага er ljóst að þegar illa er staðið að áminningarmálum eða uppsögnum er það fyrst og fremst vegna skorts á fræðslu, leiðbeiningum og verklagsreglum stjórnenda. Réttindi starfsmanna á ekki að veikja til að vega upp á móti slíkum annmörkum; þess í stað þarf að efla stuðning og fræðslu fyrir stjórnendur. Aðalfundur SfK lýsir yfir þungum áhyggjum af því hve takmarkað samráð hefur verið haft við heildarsamtök launafólks áður en áformin voru birt. Samráðsleysi við breytingar á grundvallarréttindum opinberra starfsmanna brýtur gegn skýrum lagakröfum og hefðbundnum vinnubrögðum á vinnumarkaði. Þá skortir rök fyrir því að „jafna“ þurfi réttindi milli opinberra og almenna vinnumarkaðarins og að skerðing á réttindum opinberra starfsmanna sé rétt leið til þess.

Helstu áskoranir í starfsumhverfi opinberra starfsmanna eru, mannekla, há starfsmannavelta, auknar kröfur og álag, langvarandi veikindafjarvistir, erfiðleikar við að laða að og halda starfsfólki. Að skerða réttindi starfsfólks mun ekki leysa þennan vanda — jafnvel þvert á móti.